

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 98/2010

frá 1. október 2010

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2010 frá 30. apríl 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um hversu vel nafngiftir eiga við um yrki af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar (EB) nr. 637/2009 fellur úr gildi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000 ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Texti 18. liðar (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 930/2000) í 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn hljóði svo:

„**32009 R 0637**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 637/2009 frá 22. júlí 2009 um setningu framkvæmdarreglna um hversu vel nafngiftir eiga við um yrki af tegundum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 181, 15.7.2010, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 37, 15.7.2010, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 108, 5.5.2000, bls. 3.

Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni teljast gildar að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samninginn.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 637/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. október 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.